

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/2018**

2020/EES/71/17

frá 31. maí 2018

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samstarf samningsaðila EES-samningsins var aukið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2017 þannig að það tæki til þátttöku EFTA-ríkjanna í aðgerðum Sambandsins til undirbúnings rannsókna á sviði varnarmála sem eru fjármagnaðar á fjárlögum Sambandsins.
- 2) EFTA-ríkin munu halda áfram þátttöku í starfsemi Sambandsins sem varðar fjárlagalið 02 04 77 03: „Undirbúningur rannsókna á sviði varnarmála“ sem gert var ráð fyrir í almennum fjárlögum Sambandsins fyrir fjárhagsárið 2018.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo hið aukna samstarf geti haldið áfram frá 1. janúar 2018.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Í a-lið 13. mgr. 1. gr. bókunar 31 við EES-samninginn koma orðin „fjárhagsárin 2017 og 2018“ í stað orðanna „fjárhagsárið 2017“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram (*).

Skal hún koma til framkvæmda frá 1. janúar 2018.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.